

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgata 5  
220 Hafnarfjörður

Grindavík 3. desember 2013.

## Auka hluthafafundur Suðurlinda ehf.

Stjórn Suðurlinda ehf boðar til auka hluthafafund sbr. 12. gr. samþykka félagsins þann 12. desember næstkomandi kl. 16. Fundurinn fer fram í Álfagerði í Vogum.


### Dagskrá

1. Slit á einkahlutafélaginu Suðurlindir ehf., kt. 561008-0190

Með vísan til 13. gr. er vakin athygli á því að hluthöfum (bæjarráð) geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Vakin er athygli á því að kjörnum fulltrúum eigenda félagsins er heimilt að sækja fund með rétt til að bera fram fyrirspurnir.

Virðingarfyllt



Róbert Ragnarsson

### Fylgigögn

- Árshlutareikningur 2013
- Tilkynning til RSK um slit á félaginu

**Suðurlindir ehf.**

**Árshlutareikningur 2013  
1/1 - 16/11 2013**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7 - 8

Suðurlindir ehf  
Kennitala 561008-0190  
Löndalur 2, Vogum

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að standa vörð um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar og Voga og íbúa þeirra varðandi náttúruauðlindir í landi sveitarfélaganna við Trölladyngju, Sandfell og Krýsuvík, m.a. mögulega nýtingu jarðvarma og eignar og nýtingarétt hvers sveitarfélags fyrir sig. Sérstaklega verði horft til nýtingar orkuauðlinda til atvinnuþróunar og uppbyggingar í sveitarfélögunum þremur. Einnig að tryggja gott samstarf og samvinnu sveitarfélaganna um skipulag og framkvæmdir á skilgreindum auðlindasvæðum og marka skýrar áherslur í náttúruvernd og umhverismálum á umræddum svæðum auk þess að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn um þróun atvinnulífs og íbúðabyggingar og fjárhagslegur rekstur í tengslum við ofangreind markmið.

### Framtíðaráform

Ákveðið hefur verið að hætta rekstri félagsins og stefnt er að því að slíta félaginu fyrir árslok 2013.

### Jöfnun taps

Stjórnin vísar til árshlutareikningsins varðandi jöfnun taps.

### Eignaraðild

Í lok ársins voru hluthafar félagsins þrír og er eignarhald óbreytt frá fyrra ári:

Grindavíkurkaupstaður .....	33,3%
Hafnarfjarðarkaupstaður .....	33,3%
Sveitarfélagið Vogar .....	33,3%

Stjórn Suðurlinda ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1/1-16/11 2013 með áritun sinni.

Grindavík, 2013

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

## Áritun endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa Suðurlinda ehf

Við höfum aðstoðað við gerð árshlutareiknings Suðurlinda ehf. fyrir tímabilið 1/1-16/11 2013 í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Árshlutareikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Suðurlinda ohf. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur félagsins ábyrgir fyrir árshlutareikningnum. Við höfum ekki endurskoðað eða kannað árshlutareikninginn og látum því

Reykjavík, 2013

### PricewaterhouseCoopers ehf

Ljósbrá Baldursdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur tímabilsins 1/1 -16/11 2013

	Skýringar	2013 1/1-16/11	2012 1/1-31/12
<b>Rekstrargjöld</b>			
Stjórnarlaun .....		0	470.000
Reikningsleg aðstoð .....		61.018	45.752
Annar rekstrarkostnaður .....		0	43.800
		<u>61.018</u>	<u>559.552</u>
<b>Rekstrartap</b>		(61.018)	(559.552)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....		555	67.821
		<u>555</u>	<u>67.821</u>
<b>Tap tímabilsins</b>		<u>(60.463)</u>	<u>(491.731)</u>

## Efnahagsreikningur 16. nóvember 2013

Eignir	Skýringar	16/11 2013	31/12 2012
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	57.500
Handbært fé .....		1.521.170	3.024.133
		<u>1.521.170</u>	<u>3.081.633</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.521.170</u>	<u>3.081.633</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		4.500.000	4.500.000
Óráðstafað eigið fé .....		(2.978.830)	(2.918.367)
	3	<u>1.521.170</u>	<u>1.581.633</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		0	1.500.000
		<u>0</u>	<u>1.500.000</u>
<b>Skuldir samtals</b>		0	1.500.000
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.521.170</u>	<u>3.081.633</u>

## Sjóðstreymi tímabilsins 1/1-16/11 2013

	Skýringar	2013 1/1-16/11	2012 1/1-31/12
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap tímabilsins .....		(60.463)	(491.731)
		<u>(60.463)</u>	<u>(491.731)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		57.500	32.491
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(1.500.000)	(48.797)
		<u>(1.442.500)</u>	<u>(16.306)</u>
<b>Handbært fé(til rekstrar)</b>		<u>(1.502.963)</u>	<u>(508.037)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(1.502.963)	(508.037)
Handbært fé í byrjun tímabils .....		3.024.133	3.532.170
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>		<u>1.521.170</u>	<u>3.024.133</u>



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Tilgangur félagsins er að standa vörð um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar og Voga og íbúa þeirra varðandi náttúruauðlindir í landi sveitarfélaganna við Trölladyngju, Sandfell og Krýsuvík, m.a. mögulega nýtingu jarðvarma og eignar og nýtingarétt hvers sveitarfélags fyrir sig. Sérstaklega verði horft til nýtingar orkuauðlinda til atvinnuþróunar og uppbyggingar í sveitarfélögunum þremur. Einnig að tryggja gott samstarf og samvinnu sveitarfélaganna um skipulag og framkvæmdir á skilgreindum auðlindasvæðum og marka skýrar áherslur í náttúruvernd og umhverismálum á umræddum svæðum auk þess að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn um þróun atvinnulífs og íbúðabyggingar og fjárhagslegur rekstur í tengslum við ofangreind markmið.

Suðurlindir ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að lóndal 2, 190 Vogar

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.3 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 2.4 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

### 2.5 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## Skýringar

### 3. Eigið fé

#### Hlutafé

Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði.

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2012:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	4.500.000	(2.426.636)	2.073.364
Tap ársins .....	0	(491.731)	(491.731)
Staða í árslok .....	4.500.000	(2.918.367)	1.581.633
	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2013:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	4.500.000	(2.918.367)	1.581.633
Tap ársins .....	0	(60.463)	(60.463)
Staða í lok tímabilsins .....	4.500.000	(2.978.830)	1.521.170





Nafn félags Suðurlindir ehf.	Kennitala 5610080190
Póstfang og sveitarfélag Löndalur 2, Vogum	Netfang

Á hluthafafundi sem haldinn var þann 12. des. 2013 var samþykkt að slíta félaginu og fara fram á afskráningu þess í hlutfélagaskrá í samræmi við 83. gr. a laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum. Óskað er eftir því að skattskil ofangreinds félags verði tekin fyrir og úrskurðað um opinber gjöld þess vegna þessarar samþykktar. Eiginlegri starfsemi lauk \_\_\_\_\_

Eftirfarandi gögn fylgja umsókn þessari:

Skattframtal \_\_\_\_\_ og ársreikningur fyrir rekstrarárið 1. janúar til 31. desember.

Skattframtal og lokaársreikningur fyrir tímabilið 1. jan. sl. til 16.11. á slitaári.

Skil á upplýsingum skv. 92. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Skil á afdreginni staðgreiðslu fjármagnstekna og skilagreinum fyrir öll tímabil ef við á.

Ársreikningar sem á eftir að skila til opinberrar birtingar til ársreikningaskrár.

Einnig gæti þurft að skila inn þessum gögnum:

Afskráning af launagreiðendaskrá.

Afskráning af virðisaukaskattsskrá.

Staðfesting á skilum á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af úthlutun arðs við slit.

Listi yfir hluthafa og tillögu hluthafafundar um úthlutun eigna félagsins til hluthafa, sem kunna að standa eftir greiðslu opinberra gjalda vegna slita félagsins.

Tafla - I Hluthafar og tillaga hluthafafundar um úthlutun eigna til hluthafa

A Nafn	B Kennitala hluthafa	C Stofnverð hlutafjar (kaupverð/nafnverð)	D Verðmæti eigna sem koma til úthlutunar	E Úthlutun eigna umfram stofnverð (D - C)
Grindavíkurbær	580169-1559	1.500.000	507.056	-992.944
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	1.500.000	507.057	-992.943
Sveitarfélagið Vogar	670269-2649	1.500.000	507.057	-992.943
				0
<b>Samtals:</b>		4.500.000	1.521.170	-2.978.830

Við, hluthafar í ofangreindu einkahlutafélagi, lýsum því yfir með eiginhandar undirskrift okkar, að allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar skuldir félagsins hafa verið greiddar og höfum við samþykkt að félaginu verði slitið skv. 83. gr. a laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, og í samræmi við 3. mgr. 83. gr. a berum við beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, hvort sem þær eru gjaldfallnar, ógjaldfallnar eða umdeildar, frá þeim tíma er þessi yfirlýsing um slit félagsins var gefin.

Tafla - II Yfirlýsing hluthafa um ábyrgð á skuldum félagsins

Nafn	Kennitala	Hlutafjäreign	Undirskrift
Grindavíkurbær	580169-1559	1.500.000	
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	1.500.000	
Sveitarfélagið Vogar	670269-2649	1.500.000	

Tilkynningargjald 1.000 kr. staðgreiðist eða leggist inn á reikning:  
Ríkisskattstjóri kt. 540269-6029. Bankareikningur 0515-26-723000.  
Afrít af kvittun þarf að fylgja.

Yfirlýsing þessi skal berast hlutfélagaskrá  
innan tveggja vikna frá undirskrift.

**Stjórn félagsins heimilar fyrirtækjaskrá að afla yfirlýsingar innheimtumans ríkissjóðs um skuldastöðu félagsins.**

**Dagsetning og undirritun meirihluta stjórnar eða prókúruhafa ásamt kennitölu**

Dags.	Nafn	Kennitala

**Slit og afskráning á einkahlutafélagi að frumkvæði hluthafa**

Með ákvæði í 83. gr. a. sem var lögfest með lögum nr. 52/2003, um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, var hluthöfum í skuldlausu einkahlutafélagi veitt heimild til að hafa frumkvæði að afskráningu einkahlutafélaga á einfaldan og öruggan hátt. Tilgangur með þessari lagabreytingu er að gera hluthöfum einkahlutafélaga, sem oft eru mjög lítil og geta jafnvel verið með einum hluthafa, kleift að slíta félaginu og afskrá með einföldum og ódýrum hætti án aðkomu skilaneftndar og lýsingar krafna á hendur félaginu.

**Lagagreinin hljóðar þannig:**

"Í skuldlausu einkahlutafélagi geta hluthafar afhent hlutafélagaskrá skriflega yfirlýsingu um að allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar skuldir félagsins hafi verið greiddar og félaginu slitið. Yfirlýsingin skal vera undirrituð með nafni, kennitölu og heimilisfangi allra hluthafa félagsins. Með yfirlýsingu skal fylgja vottorð frá toll- og skattýfirvöldum um að félagið skuldi ekki opinber gjöld. Hlutafélagaskrá má einungis skrá slit félagsins ef yfirlýsing hluthafanna berst skránni innan tveggja vikna frá undirskrift yfirlýsingarinnar. Hluthafar bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum einkahlutafélagsins, hvort sem þær eru gjaldfallnar, ógjaldfallnar eða umdeildar, frá þeim tíma er yfirlýsingin um slit félagsins var gefin. Úthluta skal til hluthafa þeim eignum einkahlutafélags sem eftir kunna að standa."

Skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 má ekki slíta félagi fyrr en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Skattar teljast ekki samkvæmt þessari grein vera að fullu greiddir fyrr en álagning opinberra gjalda slítaárs hefur farið fram og álagningin tilkynnt innheimtumanni og innheimt af honum. Ríkisskattstjóra ber því að leggja á opinber gjöld í samræmi við framlagt skattframtal félagsins á slítaári og ársins á undan hafi álagning ekki farið fram og tilkynna álagninguna innheimtumanni.

**Skilyrði þess slit fari fram eru eftirfarandi:**

1. Framtöl vegna tekjuskatts og eignarskatts fyrir öll ár til og með slítaári hafi verið lögð fram og ríkisskattstjóri lagt á opinber gjöld í samræmi við þau og tilkynnt innheimtumanni um álagninguna. Framtal fyrir slítaárið skal sæta endurskoðun í samræmi við gögn og upplýsingar sem skattýfirvöldum eru tiltæk þegar ósk um yfirlýsingu skv. 83. gr. a berst. Í lokarekstrarreikningi, þ.e. fyrir slítaárið, skal gera grein fyrir sölu á eignum eða mismun á markaðsverði og bókfærðu verði þeirra vegna úthlutunar til hluthafa. Í lokaefnahagsreikningi skulu koma fram eignir og eigið fé til úthlutunar eftir að skuldir hafa verið greiddar aðrar en skuldir vegna óálagðra skulda slítaársins.
2. Að félag sem verið hefur á launagreiðendaskrá hafi skilað skilgreinum og sundurliðunum til rekstrarloka og tilkynnt að starfseminni sé hætt.
3. Að félag sem verið hefur í virðisaukaskattsskyldri starfsemi hafi skilað virðisaukaskýrslum til loka starfseminnar m.a. vegna sölu á rekstrareignum og óskað eftir afskráningu af virðisaukaskattsskrá.
4. Að félagið hafi staðið skil á upplýsingum samkvæmt 92. gr. og 94. gr. laga nr. 90/2003. Ríkisskattstjóri skal krefja um slíkar upplýsingar eftir því sem hann telur ársreikninga og framtöl félagsins gefa tilefni til.
5. Að félagið hafi staðið skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum og staðgreiðslu af greiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi eftir því sem ríkisskattstjóri telur ársreikninga og framtöl gefa tilefni til.
6. Að ársreikningar fylgi framtölum. Fyrir þau almanaksár sem kunna að vera liðin frá því að rekstur var síðast hjá félaginu dugir þó yfirlýsing stjórnar félagsins um að félagið hafi ekki átt eignir né borið skuldir á þeim árum.
7. Félagið sé skuldlaust samkvæmt lokaefnahagsreikningi.
8. Félaginu hafi verið slitið samkvæmt ákvörðun hluthafafundar og fyrir liggja yfirlýsing til hlutafélagaskrár um að hluthafafundur hafi samþykkt að slíta félaginu og óska eftir afskráningu úr hlutafélagaskrá svo og yfirlýsing allra hluthafa um beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð þeirra á skuldum félagsins frá þeim tíma sem yfirlýsing um slit félagsins var gefin.